

## Myndlist

eftir BRAGA  
ÁSGEIRSSONSýning  
Alfreds  
Flóka

Alfred Flóki Nielsen hefur enn einu sinni kveðið sér hljóðs með sýningu á teiknilist sinni, og sem fyrr er Bogasalur vettvangur sýningarinnar. Flóki hefur verið að breytast á undanförunum árum og hefur vikið að svið teiknitækni sinnar. Sýningin í Bogasal er þó unnin í svipaðri tækni og sú næst á undan og kemur því eðlilega ekki eins á óvart. Fyrir vikið verða áhrifin ekki eins sterk þótt myndirnar séu engu síðri. Á þessari sýningu er það mjög áberandi þáttur í myndgerð Flóka hvernig hann hleður smáatriðum í kringum „figúrur“ sínar í þeirri viðleitni að segja sögu, en hér er hann ósjaldan á hálum ís, því að við það veikir hann heildaráhrif myndanna. Hann kann ágætlega að framkalla mystísk áhrif í andlitum en þessi mystík tap-



Teikning eftir Flóka.

ar krafti vegna fyrrnefndrar ofhleðslu. Stundum óskar maður sér, að „figúrurnar“ væru einar sér á blöðunum því að þær standa fyllilega fyrir sínu, og það þarf enga fulga né snáka til að magna áhrifin. Eg hef oft bent á það í skrifum mínum um þennan listamann, að mig furðaði stórlega á því, að hann skyldi ekki hagnýta sér grafiktækni því slíkt væri upplagt vegna hinnar sérstöku teiknitækni er hann hefur tileinkað sér. Og ég leyfi mér að undir-

strika þessa skoðun mína enn einu sinni, það væri upplagt til nýrra landvinnna innan hins furðulega myndheims er Flóki hefur verið trúr í gegnum árin.

Í sýningarskrá hefur Flóki valið að vitna í Gérard de Nerval og hugleiðingar hans um drauminn. „Draumar okkar eru annað líf. Það vekur mér ætíð hroll að fara innan um þessi flabeins- eða hornlögðu hlið, sem skilja okkur og hina ósýnilegu veröld. Fyrstu andartök svefnins eru ímynd dauðans;


dámóða lykur hugsanir okkar og við getum alls ekki ákvarðað augnablikið þegar sjálfið heldur í nýju formi áfram ætluarverki tilverunnar. Smám saman birtir í óskýrum neðanjarðarhellum og hinar bleiku, þungbúnu og hræringarlausu verur, sem í undirheimum búa, greina sig frá skuggunum og nóttinni. Þá fær myndin lögun, ný birta lýsir upp þessa sviði og gæðir þá hreyfingu. Hin andlega veröld opnast okkur.“

Svo mörg eru þau orð...

Myndkynning  
Alþjóðleg grafík  
Eyvindur Mohr: Málverk

Að Kjarvalsstöðum stendur yfir um þessar mundir önnur sýning félagsins Myndkynningar, en eins og mörgum mun í fersku minni sýndi félagið grafík á sama stað og svipuðum tíma sl. ár. Það er þarft verk og þakkarvert að dreifa erlendri grafík hérlendis og gild listmiðlun. Að þessu sinni er hér um að ræða 61 grafíkmynd eftir velþekktu listamenn, aðallega þýska, auk heimskunnra nafna líkt og Vasarely, Calder og Erró og eru myndirnar yfirleitt þrykktar í 100—150 eintökum árituðum og tölusettum af listamönnum, — en að öðru leyti eru þær unnar af fagmönnum á

verkstæðum undir eftirliti og stjórn listamannanna. Þetta eru mjög algeng vinnubrögð nú á tímum og fjölmargir hagnýta sér þau til að dreifa list sinni, því að upplagið gerir það að verkum að verðið verður mjög viðurðanlegt fyrir almennig. Það er ágætt og þroskandi hliðarstarf fyrir myndlistarmenn að vinna á þennan hátt í grafík og félagið Myndkynning á þakkir skildar fyrir að kynna þessa hlið grafík-myndgerðar. Gaman væri ef einhver réðist til að koma íslenskum myndlistarmönnum í samband við slík verkstæði erlendis. Að vísu skal viðurkennast, að slík



Fyrstadaagsmálverk með mynd af málverki og áritun færeyska málars Eyvinds Mohr.



Sjálfsmynd Eyvinds Mohr.

vinnubrögð við myndgerð eru ekki jafn verðmæt og þau er listamaðurinn vinnur allt verkið sjálfur, en þau eiga eigi að síður fullan rétt á sér sem listdreifing.

Eins og í fyrra skiptið á Guðmundur Erró flest verk á sýningunni (20). Ugo Dossi er með 10 (skák-myndröð) en aðrir færi.

Fyrirtækið Myndkynning hefur fengið Erró til að gera sérstaklega 3 myndir fyrir sig og eru þær því nýjar af nálinni og seldar á hóflegu verði. Er hér einstakt tækifæri til að eignast mynd eftir þennan listamann.

Í tilefni þessarar sýningar hefur félagið boðið færeyska

málaranum Eyvind Mohr að sýna málverk sín og var listamaðurinn sjálfur mættur á staðnum. Sýnir hann 19 málverk flest af landslagi.

Eyvindur Mohr er sjálf-lærður myndlistarmaður á miðjum aldri og einn af fáum er framfæri hafa af að mála einvörðungu í heimalandi sínu. Hann hefur brotist áfram af miklum dugnaði og m.a. byggt hús með eigin höndum, hvorki meira né minna en með 24 herbergjum, og einum sýningarsal þar sem haldnar eru reglulega myndlistarsýningar. Það fer ekki á milli mála að hér er færeyskur málari á ferð með ríka kennd fyrir landi sínu og þeirri veðráttu er landsmenn búa við, t.d. ber ein áhrifamesta mynd sýningarinnar nafnið „Famjin“ (Óveður). Í svipuðum gæðaflokki eru og t.d. myndir líkt og „Elduvík“ (6), „Frá Elduvík“ (7) og „Einsemis“ (17). Eyvindur hefur dvalið í Rómaborg um tíma, en þær myndir er hann sýnir þaðan eru naumast eins persónulegar og þær er hann hefur unnið á heimavelli. En dvölin í Róm hefur haft mikil áhrif á persónu listamannsins og kann það að koma óbeint fram í myndum hans.

Hér er kærkominn gestur á ferð og vonandi verða nokkrar myndar hans eftir á Íslandi að sýningunni lokinni — listasöfnin mættu t.d. stuðla að því.

Poturnar  
reyndust  
gallalausar

FYRIR nokkru var frá því skýrt, að McDonnell Douglas flugvéla-verksmiðjurnar og bandaríska flugmálastjórnin hefðu fyrirskipað nákvæmar skoðanir á DC-8 flugvélum vegna þess að sprungur hefðu komið fram í vissum burðarhlutum flugvéllanna.

Í fréttatilkynningu frá Flugleiðum h.f., sem Morgunblaðinu barst í gær, segir að félagið eigi 3 DC-8-63 þotur og hefði að auki haft tvær slíkar á leigu. Strax og þessar fréttir bárust ákvað félagið að láta fara fram nákvæma skoðun á öllum fimm DC-8 þotunum og var þeim því flogið einni eftir aðra til Parísar, þar sem þær voru skoðaðar á vegum franska flugfélagsins UTA.

Skoðun á síðustu þotunni er nú lokið og varð niðurstaðan sú að allar þoturnar reyndust heilar og ógallaðar. Gátu þær því allar haldið áfram flugi samkvæmt áætlun. Talið er, á ef fyrrgreindur galli hefði fundizt í þotunum, hefði viðgerð á hverri um sig tek- ið 4 til 8 vikur.

Samninga-  
fundur í dag

SAMNINGANEFNDIR BSRB og ríkisins hafa verið kallaðar á fund Loga Einarssonar sáttasemjara í Lögbergi klukkan 14 í dag. Aðilarnir ræddu síðast við í rúma fjóra klukkutíma á fimmtudaginn og sagði Kristján Thorlacius, formaður BSRB, að fundi loknum, að á þeim fundi hefði ekkert miðað í samkomulagsátt. Stjórn og samninganefnd BSRB koma saman á fund síðdegis á mánudaginn og verður þar rætt um stöðuna í samningamálunum.

## Laus úr gæzlu

ANNAR tveggja manna, sem úrskurðaðir voru í gæzluverðhald í vikubyrjun vegna rannsóknar á nýju fíkniefnamáli, hefur verið látinn laus. Hinn maðurinn situr hins vegar áfram í gæzluverðhaldi.

Telex-  
lands-  
keppnin  
við Finna  
á morgun

TELEX-LANDSKEPPNIN milli Íslendinga og Finna fer fram á morgun. Teflt verður á 8. borðum og verða íslensku keppendurnir í sal Útvegsbankans í Reykjavík. Taflíð hefst klukkan 9 á sunnudagsmorgun.

Ísland teflir fram sínu sterkasta liði, enda tölverðir möguleikar að komast áfram í keppinni. Friðrik Ólafsson verður á 1. borði, Guðmundur Sigurjónsson á 2. borði, Ingi R. Jóhannsson á 3. borði, Jón L. Arnason á 4. borði, Helgi Ólafsson á 5. borði, Margeir Pétursson á 6. borði, Ingvar Ásmundsson á 7. borði og Magnús Sólmundarson á 8. borði. Var-menn verða Björgvin Viglundsson og Bragi Halldórsson.

Keppnin fer fram á þann hátt að leikirnir eru sendir milli landa með fjarrita. A keppnisstöðunum á Íslandi og í Finnlandi verða staddir fulltrúar andstæðingsins til að fylgjast með því að allt fari eftir settum reglum.



Ein af myndum Flóka ERRO.